

# MONITOR




FRÍTT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



# NEI RÁÐHERRA!



## Nei ráðherra! Tveggja tíma hláturskast



- „Mjög vel heppnaður farsí, hraður og ótrúlega myndin“ - IP, Mbl
- „Feiknafyndin, þétt og flott sýning“ - KHH, Fréttatíminn
- „Fimm stjörnu farsí“ - HG, Bylgjunn
- „Óstöðvandi, hömlulaus hlátur“ - BS, pressan.is
- „Óhætt að lofa góðum hláturgusum“ - EB, Fbl


lau. 9/4 kl. 19	<b>UPPSELT</b>	lau. 7/5 kl. 19	<b>UPPSELT</b>
lau. 9/4 kl. 22	<b>UPPSELT</b>	sun. 8/5 kl. 20	örfá sæti
sun. 10/4 kl. 20	<b>UPPSELT</b>	fös. 13/5 kl. 19	örfá sæti
sun. 17/4 kl. 20	<b>UPPSELT</b>	fös. 13/5 kl. 22	
fös. 29/4 kl. 19	<b>UPPSELT</b>	sun. 15/5 kl. 20	örfá sæti
fös. 29/4 kl. 22	örfá sæti	fim. 19/5 kl. 20	örfá sæti
lau. 30/4 kl. 19	<b>UPPSELT</b>	fös. 20/5 kl. 19	örfá sæti
lau. 30/4 kl. 22	örfá sæti	lau. 28/5 kl. 19	örfá sæti
fim. 5/5 kl. 20	<b>UPPSELT</b>	sun. 29/5 kl. 20	

**Yfir 23.000 miðar seldir!**



Miðasala | 568 8000 | borgarleikhús.is

# STRÝHÆRÐI PÉTUR



## Strýhærði Pétur: Hryllilega krassandi ruslópera



- „Mikið er nú gaman í leikhúsi þegar það er gaman!“ - EB, Fbl
- „Skemmtileg og hressandi leikhúsupplifun, öðruvísi og ögrandi“ - IP, Mbl
- „Dásamlegt sjónarspil... mæli eindregið með sýningunni“ - SA, TMM
- „Frumleg og afskaplega flott sýning“ - KHH, Fréttatíminn
- „Afar vel heppnuð leiksýning, skemmtileg, lifandi og óvænt“ - SG, Víðsjá

fös. 8/4 kl. 20	<b>UPPSELT</b>	fim. 28/4 kl. 20	<b>UPPSELT</b>
lau. 9/4 kl. 20	<b>UPPSELT</b>	fös. 29/4 kl. 20	örfá sæti
sun. 10/4 kl. 20	örfá sæti	lau. 30/4 kl. 20	<b>UPPSELT</b>
sun. 17/4 kl. 20	<b>UPPSELT</b>		

Verkið tekur um 75 mínútur í flutningi og áhorfendur standa á meðan. Sýningin er ekki við hæfi ungra barna.



Borgarleikhúsið



Söngkeppni framhaldsskólanna fer fram í beinni á Stöð 2 á laugardaginn. Fylgist með!



## Láta tónlistina um að tala

### DEERHUNTER

**Stofnuð:** 2001.  
**Uppruni:** Atlanta, Georgia.  
**Meðlimir:** Bradford Cox, Moses Archuleta, Josh Fauver og Lockett Pundt.  
**Plötur:** Turn It Up Faggot (2005), Cryptograms (2007), Microcastle/Weird Era Cont. (2008) og Halcyon Digest (2010).

**Deerhunter** er ein af hljómsveitunum sem koma fram á tónlistarhátíðinni **Reykjavik Music Mess** í næstu viku.

Bandaríska hljómsveitin Deerhunter lýkur tónleikaferðalagi sínu um Evrópu á íslensku tónlistarhátíðinni Reykjavik Music Mess dagana 15. og 16. apríl. Hér er á ferðinni ein alflottasta jaðarrokkssveitin sem er starfandi í dag og eru þeir þekktir fyrir magnaða tónleika sína. Nýjasta plata þeirra, Halcyon Digest, kom út á síðasta ári og fékk gríðarlega góða dóma í öllum helstu tónlistartímaritum heims. Síðan þá hafa Deerhunter verið á tónleikaferðalagi og voru staddir í Sviss þegar Monitor náði tali af þeim.

### Taka ullarnærfötin með

„Tónleikarnir í Glasgow um daginn voru frábærir,“ sögðu þeir ánægðir með viðtökur nýju plötunnar. „Áhorfendurnir voru frábærir og tónleikastaðurinn líka,“ útskýra þeir og segjast spenntir að koma til Íslands. „Við erum mjög spenntir að koma enda hefur okkur langað til að heimsækja landið í langan tíma,“ fullyrða

liðsmenn Deerhunter en segjast ekki hafa búið sig undir kuldann á landinu. „Okkur var sagt að koma bara með stuttermaboli en við ættum kannski frekar að pakka ullarnærfötunum.“

### Lundar og eldfjöll

Aðspurðir segjast meðlimir Deerhunter ekki vita mikið um Ísland en nefndu þó nokkur atriði sem þeir höfðu lesið sér til um á Netinu. „Bláa lónið, jöklar, Sykurmolarnir, lundi og eldfjöll,“ sögðu þeir um landið og nefndu einnig Sigur Rós og Björk. Þeir vildu ekki tjá sig frekar um landið og segjast vera hljómsveit sem kys frekar að láta tónlistina tala. Gaman verður því að sjá hvort einhver lög á tónleikumunum lýsi upplifun þeirra af Íslandi betur.

Hægt er að nálgast miða á tónlistarhátíðina Reykjavik Music Mess á vefsíðu hátíðarinnar. Ásamt Deerhunter munu meðal annars koma

### BRADFORD COX

-Hefur meðal annars komið fram á tónleikum Deerhunter í sumarkjól og útataður í blóði.  
 -Er næstum því tveir metrar á hæð og vegur líklega ekki meira en 50 kíló.  
 -Þjáist af Marfan-heilkenni sem veldur því að útlímir hans eru lengri en hjá venjulegu fólki.  
 -Átti fáa vini í æsku og hefur lýst sjálfum sér sem Edward Scissorhands.  
 -Gefur út tónlist undir nafninu Atlas Sound sem er sólóverkefni hans.



fram Mugison, kimono, Agent Fresco, bandaríska hljómsveitin Lower Dens, danska sveitin FOSSILS, hin grænlenka Nive Nielsen og hinir finnsku Tomutonttu.

## Monitor mælir með

**FYRIR FERÐALANGA** Vefsíðan **Dohop.com** er óendanlega sniðugt fyrirbæri. Nú fer sumarið að nálgast og þeir sem ætla að skella sér í sumarfrí til útlanda ættu að kíkja á þessa sniðugu síðu sem býður þér að leita að flugferðum til hvaða lands sem er.



**FYRIR HELGINA** Siggí stormur spáir hitabylgju um helgina svo nú er um að gera að taka fram sundfötin, sólgleraugun og sandalana. Tilvalið væri að skella sér á Austurvöll með nestiskörfu og þeir allra kræfustu gætu skellt sér í Nauthólsvík í smá strandblak. Mundu samt eftir sólarvörninni!



**SPILARANN** Til að toppa sumarskapið er grúpplagt að smella nýjstu breiðskífu poppprinsessunnar Britney Spears í græjurnar. **Femme Fatale** inniheldur fullt af góðum partílgögum sem er vel hægt að dilla sér við í góða veðrinu.



## Vikan á... facebook

**Rúnar Freyr Gíslason** ímyndar sér hvernig stemningin var hjá strákunum í Dressmann auglýsingunni þegar þeir hlæja allir 12 saman í Stones-bolunum og eru voða hressir, en samt að reyna að vera sætir í leiðinni.

5. apríl kl. 22:21

**Tobba Marin-ósdóttir** mikið hrikalega er leiðinlegt að leita að íbúð! Ef ég sé fleiri ljót baðherbergi skalla ég klósettíð!

5. apríl kl. 20:59

**Pálmi Gestsson** l'shave.

4. apríl kl. 19:12

**Ari Eldjárn** Einn leikarinn í Tíma Nornarinnar talar næstum alveg eins og Bubbi Morthens!

3. apríl kl. 21:01

**David Berndsen** Vill einhver kaupa yarisinn minn...árgerð 2006?

3. apríl kl. 16:06

### Feitast í blaðinu

**Feringarmyndir** af þjóðkunnugum Íslendingum eru dregnar fram í dagsbirtuna. >>>4

**Söngkeppni framhaldsskólanna.** Gamlir sigurvegarar segja sína reynslusögu. >>>7

**Stíllinn** kíkti meðal annars í fataskápa áhugaverðs fólks og spjallaði við Elite-stúlkuna. >>>10

**Viðtalið.** Arnari og Ívari fannst piurnar í Danmörku sætastar. >>>12

**Gæludýr fræga fólksins.** George Clooney átti einu sinni svín sem hét Max. >>>18

### Efst í huga Monitor

## Hvaða atriði fannst þér flottast?

Söngkeppni framhaldsskólanna verður haldin í 21. sinn um helgina. Keppnin fer fram í Höllinni á Akureyri laugardaginn 9. apríl og eins og venjulega má búast við æsispennandi úrslitakvöldi. Monitor kynnti keppendur til leiks í vikunni með myndböndum á Mbl.is svo þar er hægt að forvitnast aðeins um hvað verður í boði á laugardaginn.

Ring býður upp á skemmtilega nýjung fyrir áhorfendur keppinnar sem verður í beinni sjónvarpsútsendingu á Stöð 2. Hægt verður að senda skilaboð af Facebook og Twitter sem birtast á skjánum ásamt mynd og nafni viðkomandi aðila.

Söngkeppnin fær yfirleitt gífurlega mikið áhorf svo hér er á ferðinni gott tækifæri fyrir þá sem vilja koma sínum hrósum á framfæri fyrir framan fjölda manns. Á Facebook-síðu sinni biður Ring fólk um að senda ekki inn neinn sora því slíkt mun ekki birtast á skjánum góða.





Ásdís Rán Gunnarsdóttir

### Var með kjaft við prestinn

„Stuttu fyrir ferminguna var ég með einhvern kjaft við prestinn og hann rak mig úr hópnum – ég átti ekki að fá að fermast. Mamma náði hins vegar að milda hann í lokin. Eftirminni-legasta gjöfin var ferð til Flórída í mánuð sem við mamma og Hrefna systir fórum í stuttu seinna og skemmtum okkur konunglega.“



Einar Bárðarson

### Trúarbrögðin hafa þróast

„Ég man ennþá eftir Pioneer-magnaranum, kassettutækinu, plötuspílaranum og hljóðinu sem kom í Jamo Power-hátölurinum þegar Numark-nálin snerti hlið A á Power Station-plötunni, 33 1/3, lag 1, Some Like It Hot. Það voru mín trúarbrögð á þessum árum. Í dag hefur Guð meiri áhrif á mig en Power Station eða Duran Duran gerðu þá. Einhvers staðar verða þó allir að byrja sín trúarbrögð og oft trúa menn fyrst á rokkguði en svo þegar maður kynnist rokkinu betur þá veit maður að það er bara einn Guð.“



Erpur Eyvindarson

### Lærðum eitthvað sem nýttist í lífinu

„Ég var sá eini í árgangnum sem fermdist borgaralega og maður sá aldrei eftir því. Þar vorum við að læra eitthvað sem nýttist í lífinu í alvöru. Ég man að ég fékk pening og vekjara frá ONKYO sem ég á ennþá. Bróðir mömmu gaf mér síðan biblíu, hann er reyndar búinn að gefa mér fjórar biblíur yfir ævina en það er bara í góðu.“



Friðrika Hjördís Geirsdóttir (Rikka)

### Langaði að vera meira töff


„Ég man að mig langaði að vera meira töff á fermingardaginn. Mig langaði að mála mig eins og margar stelpur gerðu en það var ekki tekið í mál. Ég er ósköp fegin núna að myndin endurspeglar ekki tiskuna á þessum tíma en ég get samt ekki sagt að myndin hangi upp á vegg hjá mér eða muni nokkurn tímann koma til með að gera það.“

# Ég trúði á...

## að enginn grafi upp fermingarmyndina mína

Segja má að einn af vorboðum hvers árs sé fermingavertíðin sem nú er gengin í garð. Í augum margra er fermingin viss manndómsvígsla og staðfesting á heilagri trú – en í augum annarra er hún fátt annað en fyrirhafnarlítill leið til að fá óskipta athygli og helling af fínum gjöfum.


Það er rík hefð fyrir því að við fermingu séu teknar af fermingarbörnum uppstilltar myndir. Eins og gefur að skilja standast myndirnar tímans tönn misvel. Monitor gerði úttekt á fermingarmyndum nokkurra þjóðþekktara andlita sem hér má sjá.



Friðrik Dór Jónsson

### Fékk rúmföt frá ókunnugum manni

„Ég man ekki svo vel eftir hvað ég fékk í fermingargjöf. Ég man reyndar að það var einhver gaur í veislunni minni sem ég hafði ekki hugmynd um hver var, hafði aldrei séð hann áður, en hann var víst frændi minn. Hann gaf mér rúmföt.“



Jóhannes Ásbjörnsson

### Slatti af pennum og pening


„Þetta er voðalega móðukenndur tími en ég man að ég var voða hress með þetta allt saman og fannst ég bara frekar svalur. Ég fékk hljómflutningstæki frá foreldrum mínum og slatta af pennum og pening.“



Steindi Jr.

### Fóstbræðrafrasar í fermingarathöfn

„Á þessum tíma voru Fóstbræður í gangi í sjónvarpinu og í athöfninni voru ég og vinur minn að fara með línur og frasa úr þættinum sem hafði verið sýndur kvöldið áður. Það endaði með því að presturinn þurfti að sussa á okkur. Ég fékk VHS-vídjótæki og pening í gjöf. Fyrir peninginn keypti ég mér síðan annað vídjótæki svo ég gæti farið að klippa myndbönd og stöff.“



Sigmar Vilhjálmsson

### Feginn að það séu ekki til fleiri myndir

„Ég fermdist í norsku sjómannakirkjunni í Gautaborg í Svíþjóð. Athöfninni stýrði Íslendingapresturinn í Danmörku, séra Lárus. Við vorum tveir Íslendingarnir sem fermdumst þennan dag. Ég er rosalega ánægður að það voru ekki til digital-myndavélar á þessum tíma, því þá væru til mun fleiri myndir af mér frá þessum árum.“

LONG  
LIVE  
V!NTAGE



*what Vintage are you?*

EXP 6.1.2011



*Halldór Ólafsson*  
ÚR OG SKARTGRIPIR  
GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509



Gríptu með þér Florida. Morgunsafi, Heilsusafi og Appelsínusafi frá Florida eru 100% hreinir ávaxtasafar framleiddir úr úrvals hráefnum og innihalda engan viðbættan sykur. **Fáðu þér Florida og lifðu vel.**

**Flóridana**  
LIFDU VEL!

# Stökkpallur fyrir hæfileikafólk

**SÖNGKEPPNI  
FRAMHALDSSKÓLANNA**

Margir af þekktustu listamönnum landsins tóku sín fyrstu bransaskref í **Söngkeppni framhaldsskólanna** sem verður haldin á Akureyri laugardaginn 9. apríl.

## Stór vísbending um framtíðina

**Margrét Eir sigraði fyrir 20 árum síðan fyrir Flensborgarskólann í Hafnarfirði með laginu Glugginn.**

**Hafðir þú einhverja reynslu í að koma fram fyrir keppnina?** Ég hafði verið eitthvað í leiklist og kór og svona en árið 1991 voru ekki jafn mörg tækifæri fyrir ungt fólk eins og í dag. Söngskólar og karaóki voru ekkert til þá.

**Varstu stressuð fyrir að stíga á svið?** Ég var mjög stressuð en það er alltaf einstaklingsbundið hvernig stressið fer með mann og hvernig maður nýtir það. Hjá mér kom það út sem kraftur sem skilaði sér vel. Ekki að ég hafi haft hugmynd um það meðan á laginu stóð því ég var svo ofboðslega stressuð.

**Hvernig var tilfinningin að sigra keppnina?** Þetta hljómar kannski klisjulega en ég átti alls ekki von á að sigra, það hafði ekki hvarflað að mér. Mér þótti alveg nóg að prófa að taka þátt og mér fannst eins og þetta hafi verið stór vísbending um hvað ég ætti að gera í lífinu. Þetta var mikil viðurkenning og gott tækifæri.

**Ertu með einhverja skemmtilega sögu frá keppninni?** Ég hafði aldrei sungið í míkrofón áður en ég tók þátt í keppninni en fílaði þetta alveg rosalega vel. Fyrir mér var þessi keppni einskonar uppljómun og ég veit ekki hvort sigurinn hafi verið tilviljun eða einfaldlega örlögin að verki.

**Opnuðust fyrir þér margar dyr eftir sigurinn?** Já, ekki spurning. Keppninni er alltaf sjónvarpað og á þessum tíma var það frekar óvenjulegt og vakti mikla athygli. Ég byrjaði í hljómsveit skömmu síðar og komst í Hemma Gunn sem var náttúrulega æðislegt.

**Hvert er að þínu mati eftirminnilegasta atriðið úr keppninni?** Ég man til dæmis vel eftir því þegar Sverrir Bergmann vann, hann var flottur. Svo man ég eftir fullt af söngvurum sem hafa tekið þátt annað hvort í bakróddum eða sem aðalsöngvarar eins og til dæmis Selma Björns, Birgitta Haukdal og Magni.

Mynd/Golli

**MARGRÉT EIR KOMST  
Í ÞÁTT HEMMA GUNN**
**ALLIR KANNAST VIÐ  
SIGURLAGIÐ ÁN ÞÍN**


Mynd/Árni Sæberg

## Þítsan eftir keppni mest spennandi

**Sverrir Bergmann sigraði árið 2000 fyrir Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra með laginu Án þín.**

**Hafðir þú einhverja reynslu í að koma fram fyrir keppnina?** Nei, eiginlega enga. Ég tók reyndar fyrst þátt í undankeppninni á Króknum þegar ég var á fyrsta árinu mínu í framhaldsskóla. Þá hafði bróðir minn sigrað árið áður svo ég ætlaði að taka við titlinum. Því miður komst ég ekki í úrslitakeppnina það árið.

**Varstu stressaður fyrir að stíga á svið?** Ég var með mikinn fiðring í maganum og mjög stressaður. Það hjálpaði samt að hafa marga stuðningsmenn að norðan í salnum sem hvöttu mig og voru með svaka læti þegar ég steig á svið.

**Hvernig var tilfinningin að sigra keppnina?** Mér fannst það geðveikt og var mjög sáttur. Ég gerði mér ekki alveg grein fyrir hversu stórt þetta var á sínum tíma. Við félagarnir vorum aðallega spennir að fá okkur þítsu fyrir eftir keppnina.

**Ertu með einhverja skemmtilega sögu frá keppninni?** Það var mjög fyndið að árið sem ég sigraði kom stelpa og söng í dómarahléinu. Hún var nýbúin að sigra Samfés, söngvakeppni grunnskóla, og var langbest af öllum sem höfðu komið fram um kvöldið. Þarna var á ferðinni engin önnur en Ragnheiður Gröndal.

**Opnuðust fyrir þér margar dyr eftir sigurinn?** Tvímælalaust, því þarna heyrði fólk mann syngja. Lagið varð líka svo gríðarlega vinsælt eftir keppnina.

**Hvert er að þínu mati eftirminnilegasta atriðið úr keppninni?** Ég man til dæmis eftir Jóa úr tvíeykinu Jóa og Góa sem var að keppa á sama tíma og ég. Hann mætti í korselett og tók eitthvað lag úr Rocky Horror. Það vildi svo skemmtilega til að Gói var líka að keppa þarna í einhverjum gulum jakkaötum.



# Vertu með á Akureyri um helgina!

Vertu með Netíó í símanum – 300 MB fyrir aðeins 490 kr. á mánuði og 0 kr. á netíó alla miðvikudaga í apríl.\*

\*0 kr. á miðvikudögum – gildir um allt niðurhal í farsíma á Íslandi, 100 MB yfir daginn.


**VERTU MEÐ**



**SÖNGKEPPNI  
FRAMHALDSSKÓLANNA**

## Ruglaðist á textanum

Guðrún Árný sigraði árið 1999 fyrir Flensborgarskólann í Hafnarfirði með laginu *To Love You More*.

**Hafðir þú einhverja reynslu í að koma fram fyrir keppnina?** Nei, í rauninni ekki en á sama tíma var ég að stíga mín fyrstu skref í sýningu á Broadway sem við vorum bara nýbyrjuð að æfa. Ég hafði reyndar unnið Samfés árið 1996 þegar ég var í grunnskóla.

**Varstu stressuð fyrir að stíga á svið?** Ég var svona hæfilega kærulaus því mér fannst þetta svo skemmtilegt. Ég man ekki eftir neinu stressi þá og er miklu stressaðri núna fyrir gigg. Þarna gerði ég mér ekki grein fyrir hvað þetta var stórt og var bara að hugsa um að muna textann.

**Hvernig var tilfinningin að sigra keppnina?** Ég man það ekki alveg því mér brá svo mikið. Ég áttaði mig ekki á þessu og áður en ég vissi af stóð ég ein á sviðinu og byrjuð að flytja lagið aftur.

**Ertu með einhverja skemmtilega sögu frá keppninni?** Þegar ég flutti lagið aftur mundi ég ómögulega textann og ruglaðist á fyrstu tveimur línunum. Svo komst ég á skrið og ég held að enginn hafi þælt í því þegar ég ruglaðist því ég komst svo vel inn í viðlagið.

**Opnuðust fyrir þér margar dyr eftir sigurinn?** Já og nei. Fólk fattaði kannski hvað maður gat og ég fór að fá eitt og eitt lítið verkefni eins og að syngja í afmælum. Boltinn var farinn að rúlla áður en ég tók þátt í keppninni og ég tók þátt í níu sýningum á Broadway með námi í nokkur ár.

Mynd/Sigurgeir S

### SIGURVEGARAR FRÁ UPPHAFI

2010	Borgarholtsskóli
2009	Fjölbautaskóli Vesturlands
2008	Verzlunarskóli Íslands
2007	Verkmenntaskólinn á Akureyri
2006	Fjölbautaskóli Vesturlands
2005	Menntaskólinn í Reykjavík
2004	Menntaskólinn við Hamrahlíð
2003	Menntaskólinn á Akureyri
2002	Fjölbautaskóli Norðurlands vestra
2001	Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
2000	Fjölbautaskóli Norðurlands vestra
1999	Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
1998	Menntaskólinn við Hamrahlíð
1997	Menntaskólinn við Hamrahlíð
1996	Menntaskólinn í Kópavogi
1995	Fjölbautaskóli Norðurlands vestra
1994	Menntaskólinn í Kópavogi
1993	Menntaskólinn í Reykjavík
1992	Menntaskólinn í Reykjavík
1991	Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
1990	Fjölbautaskóli Suðurlands

GUÐRÚN ÁRNÝ SIGRAÐI  
LÍKA SAMFÉS



EYÞÓR INGI LJÓNMAÐI  
EFTIR SIGURINN

Mynd/Ernir

## Röddin bilaði á versta tíma

Eypór Ingi Gunnlaugsson sigraði árið 2007 fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri með laginu *Framtíð bíður*.

**Hafðir þú einhverja reynslu í að koma fram fyrir keppnina?** Já, að vissu leyti. Ég hafði tekið þátt í uppfærslum bæði á Dalvík og hjá Leikfélagi Akureyrar. Eins og svo margir aðrir var ég líka í bílskúrshljómsveit þar sem ég glamraði og gargaði.

**Varstu stressaður fyrir að stíga á svið?** Auðvitað var ég stressaður enda var eitthvað ójafnvægi á röddinni minni. Rétt fyrir keppnina hafði ég nælt mér í einhverja flensu og röddin var ekki upp á sitt besta. Til að spara hana söng ég alltaf áttund neðar á æfingum og í hljóðprufum sem var ábyggilega óþægilegt fyrir hljóðmennina. Svo á keppninni sjálfri tók ég lagið á blastinu hátt uppi með miklu meiri krafti.

**Hvernig var tilfinningin að sigra keppnina?** Frábær. Þetta var rosa dæmi og maður ljónmaði allur af gleði.

**Opnuðust fyrir þér margar dyr eftir sigurinn?** Það mætti alveg segja það. Eins fáránlega og það hljómar snýst þetta alltaf um að vekja á sér athygli og það er það sem keppnin gerir. Fólk sér hvað maður getur og þetta er auðvitað ágætis viðurkenning.

**Hvert er að þínu mati eftirminnilegasta atriðið úr keppninni?** Ég verð að minnast á atriði sem var nokkrum árum áður en ég keppti. Þá tóku einhverjir gæjar Muscle Museum með Muse. Þetta var áður en Muse voru þekktir á Íslandi svo margir hafa sagt að þessir strákar hafi kynnt Íslendinga fyrir Muse.

**Vertu með Liveproject.is á Akureyri**

Vertu með Netíð í símanum - 300 MB fyrir aðeins 490 kr. á mánuði og 0 kr. á netíð alla miðvikudaga í apríl.\*

\*0 kr. á miðvikudögum - gildir um allt niðurhal í farsíma á Íslandi, 100 MB yfir daginn.





At the heart of the image

## Með COOLPIX S2500 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 12.2 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 4x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og hún fæst í 4 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Verð 19.995.-**



Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.



# I AM YOUR BEST DEAL



## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

**Verð 129.995.-**

[www.nikon.is](http://www.nikon.is)

### SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - [www.ht.is](http://www.ht.is)  
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – [www.sm.is](http://www.sm.is)  
Beco – Langholti 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - [www.beco.is](http://www.beco.is)  
Fotoval – Skipholt 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – [www.fotoval.is](http://www.fotoval.is)  
MAX – Kaupún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – [www.max.is](http://www.max.is)  
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – [www.hagkaup.is](http://www.hagkaup.is)  
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – [www.tl.is](http://www.tl.is)

### SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnavetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

### KAUPAUKI!

Innfalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið og Golla taska að verðmæti kr 17.995.-





**HVERSDAGS**

SKÓR: URBAN  
BUXUR: ACNE  
BOLUR: TOPSHOP  
FYRIBOLUR: MONKI



**ÚT Á LÍFIÐ**

SKÓR: TOPSHOP  
BUXUR: TOPSHOP  
KJÓLL: E-LABEL  
MUSSAN: FANN HANA Í  
KJALLARANUM HEIMA  
HATTUR: FANN HANN LÍKA  
Í KJALLARANUM



**UPPÁHALDS**

KÁPAN: TOPSHOP  
REBBINN: TOPSHOP  
BUXUR: DAY  
SOKKABUXUR: URBAN  
SKÓR: DANMÖRKU

Hitar upp fyrir  
**Primavera**

Inga Harðardóttir er 17 ára nemi í grafískri hönnun í Borgarholts-skóla og vinnur einnig í Topshop. Í sumar stefnir hún á að flytja til Danmerkur en fyrst ætlar hún að skella sér á tónlistarhátíð í Barcelona. Inga er mikil fatamanneskja og er ávallt smart til fara. „Ég versla fötin mín oftast í Topshop, en mér finnst auðvitað skemmtilegast að fara til útlanda og versla þar, spóka mig um og detta inn á einhverjar skemmtilegar flíkur“.

**Í ipodnum?** „Í honum er aðallega tónlist frá Primavera, tónlistarhátíðinni sem ég er að fara á í Barcelona í maí. Ég er bara að hita mig upp fyrir hana.“

**Besti bitinn?** „Það er óneitanlega sushi á Sushismiðjunni við höfnina. Það er eitthvað við þennan stað, kósi að fara niður á höfn, hrikalega gott sushi og andrúmsloftið þarna svo þægilegt.“

**Dagur í lífi Ingu?** „Vakna snemma og fara í skólann, eftir það kíkja kannski aðeins niður í bæ og taka myndir fyrir verkefni í skólanum. Mér finnst líka ótrúlega gott að kíkja á Berglaugu, en það er einmitt uppáhaldskaffihúsið mitt. Síðan er ferðinni heitið heim í kot eða eitthvað annað, ef það er eitthvað skemmtilegra í boði.“

# Gufubaðsklúbbur í Vesturbæjarlaug

Stíllinn talaði við Ingu Harðardóttur og Alexander Ólafsson og fékk að kíkja í fataskápinn þeirra en þau eru alltaf flott klædd. Bæði stefna þau á að fara til útlanda í lengri tíma í sumar.

Stíllinn heldur áfram að kíkja í fataskápinn hjá áhugaverðu fólki.

**Bæjarins beztu eru skylduát!**

Alexander Ólafsson er 21 ára nemi við Fjölbraut í Ármúla og vinnur sem barþjónn á Kaffibarnum. „Ég versla fötin mín yfirleitt á netinu, en þegar ég fer út nýti ég tækifærið og þefa uppi einhverja spennandi fatamarkaði,“ segir Alexander. Í ágúst er leiðinni svo haldið til Montréal og verður ferðin mánaðarlöng.

**Í ipodnum?** „Í tilefni þess að sumarið sé að ganga í garð þá skipti ég vetrartónlistinni út fyrir sumarsníllidina. Það helsta er nýja Cold Cave (Cherish The Light Years), Bob Hund (Omslag: Martin Kann), Masshysteri (S/T), Merchandise (Strange Songs In The Dark) og síðast en ekki síst meistaraverkið Ten Ragas to a Disco Beat með Charanjit Singh.“

**Besti bitinn?** „BB (Bæjarins Beztu) er hið svokallaða skylduát Reykjavíkurborgar. Hún er eitt af sjö undrum veraldar og er uppskriftn metin á níutíuþúsund milljarða dollara.“

**Dagur í lífi Alexanders?** Dæmigerður dagur hjá mér felst í því að vakna snemma í skólann, eftir það fer ég alltaf í saunu í Vesturbæjarlauginni. Ég og vinur minn erum í saunaklúbbnum „Sauna Youth“ og berjumst gegn staðalmyndinni um að gamlir bumbukallar séu einu gestir saunuklefanna. Á kvöldin kíkji ég á höfuðstöðvarnar (KB) með vinum mínum og ræðum hversu gaman það var í saunu fyrir um daginn.



**HVERSDAGS**

VESTI: SPÚTNIK  
HETTUPEYSA: AMERICAN APPAREL  
BOLUR: TRASH TALK  
BUXUR: AMERICAN APPAREL  
SKÓR: VANS



**ÚT Á LÍFIÐ**

BOLUR: AMERICAN APPAREL  
BUXUR: AMERICAN APPAREL  
SKÓR: URBAN OUTFITTERS



**UPPÁHALDS**

JAKKI: J CREW  
SKYRTA: H&M  
BUXUR: AMERICAN APPAREL  
SKÓR: TARGET (BESTU KAUP SEM ÉG HEF GERT)

# Vel heppnuð helgi að baki



ROYAL EXTREME STENDUR ÁVALLT FYRIR SÍNU



HLÝIR OG FALLEGIR LITIR HJÁ SONJU BENT



GULLFALLEG OG SVÖRT SNÍÐ HJÁ REY

**Live-project.is** var á staðnum og sló ræki-lega í gegn. Gestir RFF voru duglegir að senda inn myndir og vídjó bæði frá Listasafninu en einnig frá tónleikum helgarinnar. Um að gera að klíkja á síðuna og sjá hvað er í boði.

**Reykjavík Fashion Festival** fór fram síðustu helgi. Hátiðin gekk einstaklega vel og hefur tekið stórt þroskastökk frá því í fyrra. Sýningarnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar og gaman að sjá hvað Ísland er að ala af sér efnilega og glæsilega fatahönnuði. Myndir segja meira en þúsund orð.



MUNDI VAR SKEMMTILEGUR ENDA EKKI VIÐ ÖÐRU AÐ BÚAST



YR VAR DJÖRF OG VIRKILEGA TÖFF



SPAKSMANNS SPJARIR ÁTTU KVÖLDIÐ



## Magdalena er ELITE stúlkan

Elite Model Look fyrirsætukeppnin fór fram síðastliðinn laugardag í Listasafni Reykjavíkur. Stúlkan sem sigraði keppnina heitir Magdalena Sara Leifsdóttir, 15 ára mætur í Álfhólskóla í Kópavogi. Hún segist hafa verið stressuð á keppninni og úrslitin komu henni á óvart. „Ég bjóst alls ekki við þessu, en þetta var ótrúlega skemmtilegt,“ segir Magdalena. Hún var einnig fyrirsæta á RFF og fannst gaman að fá þá reynslu og fá að kynna þvi hvernig tiskusýningar fara fram. „Næst er það bara Elite keppnin úti, sem verður haldin í nóvember en ekki er alveg vitað hvar hún verður haldin,“ segir Magdalena spennt en Elite keppnin er meðal stærstu fyrirsætukeppna í heimi enda fyrirtækið eitt stærsta sinnar tegundar.

## 4 strembnar aðstæður tæklaðar

### 1. Ef einhver mætir í alveg eins kjól og þú í gleðskap

Ef þessi umræddi tvífari þinn er með hárið slegið þá tekur þú hárið upp í snúð og ófugt. Ef þú ert með gollu, hentu þér í hana. Ef þú ert ekki með neitt slíkt gætirðu beðið gestgjafann um að lána þér sjal til að setja yfir þig. Annars er kannski sniðugast að púlla Samönthu í Sex and the City, slá á léttu strengi og heimta að fá mynd af ykkur stöllum saman. Best að gera grín að sjálfum sér.



### 2. Ef þú færð svitablett í kjólinn

Farðu inn á bað, taktu klósett-pappír og láttu hann draga í sig vökvann. Ennþá betra ráð er ef það er handþurrka inni á baði, settu kjólinn undir hana þangað til bletturinn hverfur, en í hæfilegri fjarlægð svo hann fari nú ekki að fuðra upp. Ef þú ert með peysu, sjal eða eitthvað slíkt vefðu því þá utan um þig til að fela blettinn og flýttu þér svo heim að skipta!



### 3. Ef sólinn undan skónum þínum losnar

Samkvæmt heimildum Stílsins notaði ónefnd dama eitt sinn kíttil til að festa skósólann sinn á djamminu, grátt kíttil. Gaman að segja frá því en minna til þess að mæla með. Ein leiðin er að taka alltaf með sér tátilljur í töskunni, líka bara til að skipta í lok kvöldsins þegar þú ert að drepast í löppunum. Annars er líka gott að eiga crazy-glue í töskunni en fáir muna eflaust eftir því að taka það með. Þá er lítið annað að gera en að fara heim!



### 4. Mikilvægur dagur og þú vaknar með hlussu bólu

Vefðu klaka í þvottapoka eða viskustykki (enn betra). Láttu klakann hvíla á bólunni í ca. þrjár mínútur. Þetta kemur í veg fyrir roðann og bólguna sem myndast á bólunni og í kringum hana. Þegar þessu er lokið er gott að setja smá sótthreinsandi á bóluna. Í apóteki fást svona litlir sótthreinsandi XXX sem Stíllinn mælir með. Næst notarðu bólufelaran þinn til þess að fela kvikindið.



## Stjörnustríð

Eva Longoria Parker er glæsileg í rauða Badgley Mischka kjólnum sínum. Matreiðsluþáttastjórnandinn Sandra Lee tekur sig líka ágætlega út í kjólnum en Eva hefur sigurinn. Hann fer senjorítuútliti hennar mun betur, falleg förðun og skórnir sem Eva hefur valið við kjólinn passa miklu betur en skórnir hennar Söndru.

Leikkonan Sophia Bush og New York pæjan Tinsley Mortimer klæðast hér báðar Hervé Léger kjól frá Max Azria. Kjóllinn sjálfur er ekkert sérstaklega spes, en burt séð frá því á Tinsley vinninginn. Það er mun flottara að vera með hárið niðursett við þennan tube-kjól. Fylgihlutir Tinsley passa líka betur við kjólinn.

Vá, það sést strax hver rústar þessari keppni. Victoria's Secret engillinn Alessandra Ambrosio er fáránlega heit í þessum metal-kjól. Gamla Beverly Hills-stjarnan Tori Spelling, með sína hnoðuðu litlu bolta framan á sér og gula hálsmenið á því miður langt í land. Skórnir hennar Alessöndru eru líka truflaðir!

Bótoxpían Lisa Rinna klæðist hérna gullkjól eftir Roberto Cavalli, en Kate Hudson klæddist einmitt sama kjól, nema silfurtýpunni, árið 2005. Sumir aðeins eftir á. Annars tekur Kate sig miklu betur út í kjólnum en Lisa. Kjóllinn fer líkamsbyggingu Kate mun betur og Lisa er líka úrtúrnuð sem er aldrei fallett.

# Aldrei Hleðsi

Arnar Grant og Ívar Guðmundsson eru  
milli þess sem þeir gera styk

**Texti:** Haukur Viðar Alfreðsson  
**Myndir:** Ómar Óskarsson

haukurv@monitor.is  
omar@mbl.is

Útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson og líkamsræktarmógúllinn Arnar Grant hafa snúið bókum saman og náð góðum árangri með sölu á alíslenskum próteinvörum, þeim fyrstu sinnar tegundar. Nú skemmta þeir landanum á sjónvarpsskjánum en þáttur þeirra Arnar og Ívar á ferð og flugi er heldur betur farinn á flug. Þetta topp-tvíeyki var ekki feimið við að leyfa Monitor að spyrja sig spjörnum úr ... bókstaflega.

#### Hvernig þekktist þið?

A Þekkjumst við? Nei, við þekkjumst ekkert (hlær).

► Þetta er nú ekki löng saga. Við kynntumst árið 2001 í gegnum sameiginlegt áhugamál sem voru fitness-keppnir. Við virtumst hugsa á svipaðan hátt og okkur langaði að gera eitthvað meira en að standa bara á sviði. Við höfum báðir áhuga á vörupróun og framleiðslu og öllu því sem tengist heilsu.

#### Hvernig datt ykkur í hug að fara að framleiða próteindrykki og súkkulaði?

► Við vorum að flytja inn erlenda vöru í þessum geira og þá kviknaði þessi hugmynd: „Hey, af hverju getum við ekki alveg eins búið þetta til hérna heima?“ Það er búið að flytja þessar vörur inn í mörg ár, bæði próteindrykki og próteinstykki. Við töludum við sælgætisgerðina Freyju og spurðum hvort áhugi væri fyrir því að framleiða próteinstykki eftir okkar höfði.

Það var tekið vel á móti okkur og í kjölfarið tók við mikil þróunarvinna. Við vorum mjög harðir á því að innihaldið væri nákvæmlega eins og við vildum hafa það.

A Þetta varð að vera eitthvað sem við sjálfir gætum notað til að skera okkur niður fyrir keppnir.

► Fyrsta stykkið kom um páskana 2007 og þá vorum við byrjaðir að þróa próteindrykkinn með Vífilfelli. Það sem við erum montnastir af er það að þetta eru í raun fyrstu íslensku próteindrykkirnir og próteinstykkinn.

#### Eruð þið orðnir ríkir á þessu?

► Ef við værum búsettir í Ameríku og með svipaða markaðshlutdeild þá hugsa ég að við værum orðnir alveg moldríkir. En við erum nú ekki að þessu fyrir peninginn þó það sé að sjálfsögðu voða gott að fá smá pening í hverjum mánuði.

#### Hámarkið er bragðgott en það bragðast ekki ósvipað kaldri kakósúpu.

► (hlær) Við fórum eiginlega að kalla þetta holla kókómjól. Þarna ertu með engin aukaefni, enga fitu og bara með léttmjólk í grunninn. Þetta er holl kókómjólk í sinni einföldustu mynd.

A Kókómjólkin kom á markaðinn árið 1970 en nú er árið 2011 og það er búið að uppfæra þetta svolítið. Það var nú líka flott að reykja á þessum tíma.

► Kókómjólk og smókur er orðið að Hámarki og reykleysi.

#### Hvor ykkar er sterkari?

A Ívar er sterkari í sumu og ég í öðru.

► En þegar upp er staðið er Arnar meiri „winner“. Hann er búinn að vinna allar keppnir sem hann hefur komist í og ég hef eiginlega alltaf lent í öðru sæti, þannig að ætli hann sé ekki sterkari þegar upp er staðið.

#### Er hann Simon og þú Garfunkel?

► Það mætti orða það þannig (hlær).

#### Klæðið þið ykkur viljandi í þrengri fót til þess að það sjáist hvað þið eruð fitt?

A Það er ekki hægt að neita því.

► Þú kaupir aðsniðin fót vegna þess að þau passa þér mjög vel. Ef við værum eilítið þéttari og þykkari yfir magann þá yrðu fötin sjálfkrafa svolítið við yfir

# lyklað u-bíl

ru á ferð og flugi á sjónvarpsskjánum  
kkin sín. Próteinstykkinn sín.

axlirnar. Við reynum að kaupa okkur aðsniðin fót og þá hittir það þannig að mittið er grannt og svo verður þetta svolítið þykkt að ofan.

#### Amar, ertu skyldur Hugh Grant?

A Já, já, við erum náskyldir. (hlær)

► Er ekki Cary Grant líka skyldur þér?

A Jú, Amy Grant, Avram Grant og Osama Bin Grant eru öll skyld okkur líka. (hlær)

► Þetta er svolítið stórt ættartré.

#### Þið eruð byrjaðir með sjónvarpsþáttinn Arnar og Ívar á ferð og flugi. Hvernig fæddist þessi hugmynd?

► Arnar kom með þessa hugmynd til mín og mér fannst þetta algjör fásinna. Við hefðum ekkert í sjónvarp að gera og værum ekki sjónvarpsmenn. Eftir að hafa rætt þetta aðeins betur þá féllst ég nú á að gera þetta því ég leit á þetta sem góða lífsreynslu og ef einhver myndi fást til þess að sýna þetta, hvað þá ef einhver hefði gaman af því að horfa á þetta, þá væri markmiðinu náð. Við fórum sem tveir vinir að hafa gaman og gera vonandi skemmtilegt efni í leiðinni.

#### Þið fóruð til fimm borga, Berlín, New York, Barcelona, London og Kaupmannahafnar. Hvar var skemmtilegast að vera?

A Það voru toppar í hverri borg, en heilt yfir held ég að New York hafi verið skemmtilegust. Þetta er svo stórt og mikið.

► En það er ekki hægt að mynda hvar sem er. Þeir voru til dæmis mjög strangir á þessu í New York. Svo var okkur hent út úr bakaríi í Kaupmannahöfn. Stundum vorum við að mynda í óþökk þeirra sem þar voru, það þykir ekkert sjálfsagt mál að filma hvar sem er.

#### Voru tollarnir á Keflavíkflugvelli ekkert orðnir ágengir undir restina?

► Við fórum svo ört fram og til baka að við vorum yfirleitt ekki með neinn farangur að ráði. En þeir voru farnir að heilsa okkur ansi kumpánlega.

A En við vorum aldrei stoppaðir.

#### Hvar voru fallegustu konurnar?

► Þær voru allavega í besta forminu í Danmörku.

A Við vorum líka svolítið að velta fyrir okkur heilsufarinu í hverri borg fyrir sig. Við skoðuðum skyndibitann og hvernig hann er misjafn í hverju landi. Þetta segir nú nokkuð mikla sögu um bæði kvenfólk og karlmenn í hvernig formi þau eru.

► Og dönsku stelpurnar eru nú ekki ólíkar þeim íslensku. Kannski þess vegna sem okkur fannst þær fallegastar.

#### Hvar var verstí maturinn?

A Ætli hann hafi ekki verið í London?

► Það mun koma sérstaklega í ljós í London-þættinum að Arnar var ekki mjög hrifinn af Kebabinu í London. Hann skyrpti því út úr sér.

#### Sögur herma að Ívar sé einn grófasti íþróttamaður sögunnar og það sé nærri ómögulegt að spila við hann knattspyrnu. Er þetta satt?

► Ég fer að halda að þetta sé komið frá einhverjum hér innanhúss sem mætti mér á fjölmiðlamótinu í knattspyrnu. Þessar sögur eru stórlega ýktar. Ég hef róast mjög mikið og fæ varla spjald á heilu sumri. Þetta eru gamlar sögur sem lifa kannski of góðu lífi ennþá.

#### Segðu okkur nú Arnar frá einhverju eftirminnilegu atriði úr ræktinni.

#### Kemur það aldrei fyrir að menn missi það hreinlega í brækurnar?

A Jú, það hefur nú skeð.

► Hefurðu séð það gerast?

A Já, já. Ég hef orðið vitni að því. En ekki hjá mér að vísu.

# viðtalið

Ég man samt eftir einu rosalega vandræðalegu rétt eftir að Laugar opnuðu. Það komu ferðamenn í Laugardalslauginna, ungt par sem fór inn í runna þarna svolítið frá sundlauginni. Þau fóru inn á milli trjána og klæddu sig úr sundfötunum og tóku til við að láta vel hvort að öðru. Öll æfingastöðin í Laugum horfði á þetta út um gluggann, en þar er speglagler. Það sést ekkert inn, en það sést vel út. Þegar þau luku sér af klappaði allur salurinn fyrir þeim. Og síðan fóru þau bara aftur í fötin og héldu áfram að synda.

**Ívar, nú varst þú á FM957 en ert nú á Bylgjunni. Er það þannig að þegar útvarpsmenn á Effemm ná ákveðnum aldri eru þeir sendir á Bylgjuna?**

► Ég var nú bara rekinn af Effemm. Þetta var mikil heppni fyrir mig. Ég ætlaði aldrei að hætta.

**Nú er Hámarkið komið með samkeppnisaðila, hina alíslensku Hleðslu. Er skemmdarverk framundan?**

► Við erum himinlifandi með þessa samkeppni því hún hefur ekkert gert nema stækkað markaðinn. Við bætum við okkur í sölu í hverjum mánuði á meðan við auglýsum lítið en þeir mikið. Svo eru þetta ólíkar vörur. Við erum allavega ekkert búnir að lykka bilana þeirra eða svoleiðis.

▲ Hvaða bíla? Eiga þeir ekki svo marga bíla þarna hjá Emmess?

## Hversu vel þekkjast þeir?

**Hvenær er Arnar fæddur?**

Ívar segir: „14. október 1973“  
Rétt svar er 14. október 1973.

**Hvenær er Ívar fæddur?**

Arnar segir: „29. mars 1966“  
Rétt svar er 29. mars 1966.

**Hver er uppáhaldskvikmynd Amars?**

Ívar segir: „Rocky“  
Rétt svar er Rocky.

**Hver er uppáhaldskvikmynd Ívars?**

Arnar segist ekki hafa hugmynd. Veit þó að hann sá Kurteist fólk um daginn.

Rétt svar var ekki gefið upp. Ívar gekkst þó við bíóferðinni á Kurteist fólk og mælir með henni.

**Hvað fer mest í taugarnar á Amari?**

Ívar segir: „Leti“  
Rétt svar er leti.

**Hvað fer mest í taugarnar á Ívari?**

Arnar segist ekki hafa hugmynd. Að Ívar sé óþolinmóður gaur.  
Rétt svar er ekki til. Við erum kommir út í rugl.

**Hver er uppáhaldsmatur Arnars?**

Ívar segir hann mikinn „ostakall“.  
Arnar játar. Gott ef hann roðnar ekki líka.

**Uppáhaldsmatur Ívars?**

Arnar segir: „Súkkulaðirúsínur“  
Ívar játar og segist vera nammigrís. Síðan leysist samtalið upp í umræður um Sálina hans Jóns míns. Eins og samtöl gera stundum.



# KÓRÓNAÐU DAGINN



**HÁMARK - KONUNGLEGUR PRÓTEINDRYKKUR**

„Að samþykkja samninginn er eins og að giftast leiðinlega gæjanum til að hann hætti að böggja þig.“



„Við samþykkt samningsins mun vesnið fyrst hefjast fyrir alvöru. Nú þegar er verið að skera allt inn að beini hér á landi til að ná inn nokkrum tugum eða hundruðum milljóna króna. Ícesave umræða dagsins í dag verður eins og vögguljóð í minningunni við hliðina á þeim sársauka og efnahagslegu áhrifum sem greiðslurnar munu valda okkur næstu 35 árin.“

Lára Björg Björnsdóttir - Pressupenni

Taktu upplýsta ákvörðun.  
Fellum **icesave** 9. apríl!

ADVICE [www.advice.is](http://www.advice.is)

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Ícesave-lögin þann 9. apríl. Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: [advice@advice.is](mailto:advice@advice.is)

**DULARFULLA GULLEGGIÐ**

FÁÐU ÞÉR PÁSKAEGG FRÁ FREYJU ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GLÆSILEGA VINNINGA

SKAFMIDI INNI Í EGGJUNUM!


**VINNINGARNIR**  
42" PANASONIC SJÓNVARP  
PANASONIC LUMIX G10 MYNDAVÉL  
FULLT AF BIOMIDUM FYRIR 2 Á RIO

FINNDU SKAFMIDANN PINN Í FREYJU PÁSKAEGGIUM OG FARDU SVO Á FREYJUHEIMURIS Á PÁSKADAG. DREGIÐ VERÐUR 28. APRÍL 2011

Panasonic Sjónvarpsmiðstöðin [www.panasonic.is](http://www.panasonic.is)  
ideas for life

FREYJUHEIMUR.IS

Danny McBride, sem leikur í *Your Highness*, fer með aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum *Eastbound & Down*. Mjög fyndnir þættir sem óhætt er að mæla með.



## Frumskýningar helgarinnar

ÉG BERST Á FÁKI  
FRÁUM FRAM UM VEG

### Your Highness

**Leikstjóri:** David Gordon Green.  
**Aðalhlutverk:** Danny McBride, Natalie Portman, James Franco og Zoëy Deschanel.  
**Dómar:** Engir komnir.  
**Aldurstakmark:** 12 ára.  
**Lengd:** 102 mínútur.



**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó.  
Þegar tilvonandi eiginkonu prinsins Fabious (Franco) er rænt af seiðmanninum Leezar leggur hann í björgunarleiðangur með hinum vesæla og gagnslausa bróður sínum, Thadeous (McBride) og hinni undurfögru Isabellu (Portman). Mynd eftir sama leikstjóra og gerði Pineapple Express.

### Source Code

**Leikstjóri:** Duncan Jones.  
**Aðalhlutverk:** Jake Gyllenhaal, Michelle Monaghan og Vera Farmiga.  
**Dómar:** IMDB: 8,1 / Metacritic: 7,3 / Rotten Tomatoes: 89%  
**Aldurstakmark:** 16 ára.  
**Lengd:** 90 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin.  
Hermaðurinn Colter (Gyllenhaal) vaknar upp í líkama óþekkt manns og uppgötvar að hann er hluti áætlunar um að leita uppi aðila sem ber ábyrgð á sprengju-tilræði um borð í farþegalest. Yfirvofandi er önnur sprengjuárás sem Colter þarf að koma í veg fyrir.



### Barney's Version

**Leikstjóri:** Richard J. Lewis.  
**Aðalhlutverk:** Paul Giamatti, Dustin Hoffman, Rosamund Pike og Minnie Driver.  
**Dómar:** IMDB: 7,4 / Metacritic: 6,7 / Rotten Tomatoes: 79%  
**Aldurstakmark:** 12 ára.  
**Lengd:** 134 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin.  
Barney Panofsky er sjónvarpsframleiðandi sem hefur komið víða við á ævi sinni. Hann er að fara að kvænast en í brúðkaupsveislunni hittir hann konu sem hann fellur fyrir og stingur af til að eltast við hana.



### A Woman, a Gun and a Noodleshop

**Leikstjóri:** Yimou Zhang.  
**Aðalhlutverk:** Dahong Ni, Ni Yan og Xiao Shen-Yang.  
**Dómar:** IMDB: 5,8 / Metacritic: 5,7 / Rotten Tomatoes: 32%  
**Lengd:** 90 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Bíó Paradís.  
Endurgerð af mynd Coen-bræðra, Blood Simple. Eigandi núðluhúss í Kína leggur á ráðin um að myrða ótrúa eiginkonu sína og elskuhuga hennar en ráðabruggið fer vægast sagt úr böndunum. Sögusviðið er lítill bær í Gansuhéraði í Kína.



### TÖLVULEIKUR



#### Heroes

**MMAAAA**  
**Tegund:** Hasarleikur  
**PEGI merking:** 3+  
**Útgefandi:** Sony Computer  
**Dómar:** Game Informer: 8,5 / IGN: 5 / GamePro: 5



## Hetjur á hreyfingu

Síðan að Move-hreyfgræjan kom út fyrir PlayStation 3 hafa nokkuð margir leikir komið út þar sem leikmenn nota græjuna til að stýra. Hafa gæði leikjanna verið æði misjöfn, allt frá hinum stórkostlega Sports Champions að hinum afleita Kung Fu Rider. Á dögunum kom út nýr leikur fyrir græjuna eða PlayStation Move Heroes á PlayStation 3, en hér er á ferðinni safn mini-leikja sem saman mynda eina heild bundna saman með söguþræði. Í þessum leik hafa Sony-menn ákveðið að sameina margar af sínum allra stærstu hetjum, en leikmenn fá tækifæri á að stýra Ratchet & Clank, Jak & Daxter, Sly Cooper og vini hans Bentley. Undarleg geimvera hefur sameinað alla kappana og eru verðlaunin að þeir fá allir að snúa aftur til síns heima. Spilun leiksins er sémilega fjölbreytt, en leikmenn þurfa að nota Move-stýripinnana til að sveifla svipum, kasta diskum, fella hluti líkt og í keilu, skjóta á alls kyns kvikindi og fjúga um á geimskipi svo fátt eitt sé nefnt. Move-græjan virkar ágætlega í þessum leikjum og sýna þeir að vissu marki hversu nákvæm og sniðug græjan er, en það vantar

eitthvað aðeins uppá að spilun leiksins gangi upp og verði skemmtileg til lengdar.

#### Hinir eldri þurfa betri líkamsrækt

Graffkin í PlayStation Move Heroes er ágæt, en ekkert stórkostleg. Í raun er hér allt í ágætu meðallagi og ekkert betra en það. Sama á við um hljóð og tónlist leiksins en þar er allt í meðallagi og litlu bitastæðu bætt við.

Þegar öllu er á botninn hvolft er PlayStation Move Heroes góð skemmtun fyrir 12 ára og yngri þar sem spilun er öll miðuð við þann aldur, en þeir sem eru mikið eldri en það ættu að finna sér aðrar aðferðir til að hreyfa sig – ja, eins og til dæmis að skokka.

Það er klárt að Sony hefur ekki nýtt þetta tækifæri sitt næstum nógu vel og vonum við að framhaldið verði töluvert betra.

Ólafur Þór Jónsson





**FERILLINN**

## Paul Giamatti

**Hæð:** 174 sentimetrar.

**Besta hlutverk:** Miles í Sideways.

**Staðreynd:** Á stóran bróður, Marcus, sem er einnig leikari.

**Eitruð tilvitnun:** „Mér finnst ég ekki vera mjög áhugaverð persóna. Ég er fæddur til að vera aukaleikari.“

**1967** Fæðist þann 6. júní í New Haven í Connecticut í Bandaríkjunum.

**1989** Útskrifaðist með BA-gráðu í ensku frá Yale-háskóla. Giamatti var mjög virkur í leiklistarlífi skólans ásamt þeim Ron Livingston og Edward Norton sem gengu líka í Yale. Á síðasta ári grunnnámsins var hann valinn í hið eftirsóttu Skull and Bones-leynifélag.

**1991** Útskrifaðist frá leiklistardeild Yale-háskóla með mastersgráðu í leiklist. Giamatti lék mikið í leikhúsum og á Broadway í upphafi tíunda áratugarins ásamt því að koma fram í nokkrum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum.

**1997** Fékk fyrsta stóra hlutverkið sitt í kvikmyndinni Private Parts. Lék í mörgum stórum kvikmyndum á næstu árum eins og til dæmis The Truman Show og Man On The Moon. Sama ár giftist Giamatti Elizabeth Giamatti.

**1998** Lékk mann sem hafði umsjón með talandi apa í kvikmyndinni Dr. Dolittle. Þremur árum seinna fór hann með hlutverk apa sem hafði umsjón með manneskjum í kvikmyndinni Planet Of The Apes.

**2001** Eignaðist soninn Samuel Paul.

**2003** Sló í gegn hjá gagnrýnendum eftir að hafa leikið í kvikmyndinni American Splendor.

**2004** Túlkaði eftirminni-lega þunglynda rithöfundinn í Sideways. Giamatti var tilnefndur til Golden Globe verðlaunanna fyrir frammistöðuna.

**2005** Var tilnefndur til bæði Golden Globe og Óskarsverðlauna sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni Cinderella Man.

**2011** Fékk Golden Globe verðlaun fyrir leik sinn í kvikmyndinni Barney's Version.



**DANIEL RADCLIFFE OG GALDRAFÉLAGAR HANS**

## Galdraheimur Harry Potter til sýnis

Aðdáendur galdrastráksins Harry Potter og féлага hans í Hogwarts geta glaðst því nú hefur verið opnuð sérstök sýning tileinkuð sögunum. Til sýnis eru fjölmargir leikmunir og leikmyndir úr kvikmyndunum um Potter og geta gestir sýningarinnar lifað sig inn í ævintýraheiminn.

Meðal annars er hægt að heimsækja heimavist Harry, Gryffindor, fara inn í herbergi hans og Ron og leggjast í rúm Harry. Einnig er hægt að heimsækja kofa Hagrid, setjast í risavaxinn hægindastólinn og ganga svo inn í Forboðna skóginn þar sem einhyrnir og fleiri furðuverur halda sig.

„Þetta er eins og að vera nemandi við Hogwarts í einn dag,“ útskýrði Eddie Newquist, yfirmaður sýningarinnar, fyrir Reuters-fréttastofunni. Hönnun sýningarinnar hefur staðið yfir í mörg ár en hún tekur heljarinnar pláss, um 1300 fermetra. Sýningin verður í New York fram til 5. september á þessu ári en mun þá flytja sig um set til Evrópu.

# TREFJARÍKAR PRÓTEINSTANGIR


fyrir krefjandi aðstæður

**HREYFSTI KRAFTUR STYRKUR**

10g prótein - trefjaríkt - með súkkulaðibragði

# Gæludýr fræga fólksins

Simpansinn **Bubbles** og hundurinn **Tinkerbelle** eru með frægustu gæludýrum veraldar. Svínið hans **George Clooney** er þó líklega það furðulegasta.



## BUDDY OG SOCKS CLINTON

Fyrirverandi Bandaríkjaforsetinn Bill Clinton átti bæði hund og kött er hann bjó í Hvíta húsinu. Kötturinn Socks flutti inn með Clinton-fjölskyldunni en hundurinn Buddy var gjöf. Hillary Clinton skrifaði bókina Dear Socks, Dear Buddy: Kid's Letters To The First Pets um tvíeykið.



## SOPHIE, SOLOMON, LUKE, LAYLA OG GRACIE WINFREY

Oprah Winfrey hefur verið valin besti frægi hundaeigandinn af tímaritunum The New York Dog og The Hollywood Dog en hún á hundana Sophie, Solomon, Luke, Layla og Gracie. Allir fimm hundarnir búa með Winfrey í íbúð hennar í Chicago.

## BIT-BIT SPEARS

Öfugt við Oprah Winfrey hefur Britney Spears verið valin versti frægi hundaeigandinn í sömu könnun og Oprah var valin sá besti. Britney fékk sér þrjá chihuahua-hunda sem fengu nöfnin Lacy, Lucky og Bit-Bit árið 2004 en nú á hún engan. Ekki er vitað hvað Britney gerði til að losa sig við hundana en talið er að þeir hafi fengið betri heimili.



## MEATBALL SANDLER

Svaramaður Adam Sandler í brúðkaupi hans árið 2003 var enginn annar en bolabíturinn Meatball. Leikarinn hafði áður unnið mikið með föður Meatball í kvikmyndinni Little Nicky en gerði seinna stuttmynd um dag í lífi Meatball sem hann unni mjög. Bolabíturinn dó fjögurra ára gamall úr hjartaáfalli en Sandler og eiginkonan Jackie eiga núna bolabítinn Matzoball.



## MAX CLOONEY

Það má vera að George Clooney verði eilífðarpiparsveinn en hann hélt tryggð við svínið Max í heil átján ár. Óskarsverðlaunaleikarinn fékk Max að gjöf árið 1989 og tók hann yfirleitt með sér hvert sem er. Þegar Max dó vegna elli árið 2006 sagði Clooney að ekkert gæludýr gæti komið í stað svínsins.

## TINKERBELL HILTON

Vinir koma og fara hjá Paris Hilton en kjölturakinn Tinkerbelle fylgdi henni eins og skugginn frá árinu 2002. Tinkerbelle varð eitt frægasta gæludýr sögunnar í raunveruleika-þáttunum The Simple Life og gefinn hefur verið út sérstakur þáttur um ævi chihuahua-hundsins. Árið 2004 hvarf Tinkerbelle og bauð Paris þá 5 þúsund dollara í fundarlaun. Tinkerbelle fannst skömmu seinna, Paris til mikillar gleði. Árið 2006 beit Tinkerbelle Paris í handlegginn svo hún þurfti að fara á spítala og hefur ekki sést til hundsins síðan.



## BUBBLES JACKSON

Simpansinn Bubbles kom fram með söngvaranum Michael Jackson í heil tíu ár. Oft voru Jackson og Bubbles klæddir í eins föt og Bubbles var meira að segja með sinn eigin lífvörð. Eftir andlát Jackson var Bubbles fluttur á dýrabúgarð í Kaliforníu þar sem hann er sagður lífa góðu lífi.



Lækjargata 8

[www.gamlasmidjan.is](http://www.gamlasmidjan.is)

Pizzeria

s. 578 8555

Heimsendingarþjónusta

Heimsendingarþjónusta



[www.gamlasmidjan.is](http://www.gamlasmidjan.is)

16" Pizza m. 3 áleggstegundum  
16" Hvítlauksbrauð  
2l. Coke

**3500**<sub>kr.</sub>  
heimsent

**3200**<sub>kr.</sub>  
sótt

12" Pizza m. 3 áleggstegundum  
12" Hvítlauksbrauð  
1l. Coke

**2500**<sub>kr.</sub>  
heimsent

**2200**<sub>kr.</sub>  
sótt



Opnunartími: mán-fim 11-22, fös 11-06, lau 12-06 og sun 12-22



ALLT Á IÐI Á SVIDI HJÁ  
REASON TO BELIEVE



LEIFRANDI LJÓS  
Í MIÐJU „KRÁDI“

# Sjóðheitt og sveitt Svínarí

Monitor hélt tónleikana Svínarí sem fram fóru á Faktory á föstudaginn síðastliðinn, 1. apríl. Þar var mikið um dýrðir þegar rokkmaskínurnar í Agent Fresco tróðu eftirminnilega upp að lokinni upphitun Reason to Believe og The Vintage Caravan. Aron F. Þorsteinsson fangaði nokkur augnablik á mynd.

VIGNIR PLOKKAR BASSANN EINS  
OG ENGINN SÉ MORGUNDAGURINN




EINS OG SJÁ MÁ VORU TÓNLEIKAGESTIR  
ÞYRSTIR Í ÓSVIKIÐ ROKK AGENT FRESCO



ÞÓRARINN Í AGENT FRESCO Á SÍNUM  
HEIMAVELLI MEÐ GÍTAR Í HENDI



ELDRAUÐIR LOKKAR  
ÞÓRARINS ROKKA TIL OG FRÁ



ARNÓR Í AGENT FRESCO SYNGUR  
AF INNLIFUN AÐ VENJU



HLJÓMBORÐSLEIKARI  
RTB STÓÐ SÍNA VAKT MEÐ PRÝÐI



ARNÓR DAN ER ALLTAF  
SKOTHELDUR Á TÓNLEIKUM



HÁRPRÚÐUR FRONTMAÐUR FÉLL  
Á KNÉ Í MIÐJUM LÁTUM

# FERMINGARVEISLAN ER BYRJUD Á KANANUM !



## FERMUM OKKUR AFTUR ! BARA ÚTAF GJÖFUNUM

PÓSTAÐU FERMINGARMYNDINI ÞINI Á FACEBOOK KANANS  
FM100.5 . SÁ SEM FÆR MEST "LIKE" VINNUR. SÁ SEM  
VINNUR FÆR RISA FERMINGARVEISLU FRÁ KANANUM MEÐ  
ÖLLUM GJÖFUNUM, KRANSAKÖKUNNI, SNITTUNUM OG  
BRAUÐTERTUNUM.

ENGAR FRÆNKUR ENGIR FRÆNDUR !  
BARA "FRÆNKUR" OG "FACEBOOK-FRIENDS"

KVEIKTU Á KANANUM !



# KANINN FM 1005

KANINN - BESTA TÓNLISTIN, FRÉTTIR OG SKEMMTILEGASTA FÓLKID

SKEIFAN 7 - 3. HÆÐ - 108 REYKJAVÍK - 571 1110 - KANINN@KANINN.IS



## TÓNLEIKAR AMIINA + BORKO

Faktory  
Fimmtudagur kl. 21.

# Síðustu tónleikar fyrir pásu

Hljómsveitin Amiina heldur sína síðustu tónleika í nokkurn tíma á Faktory í kvöld. „Við munum spila nýtt og gamalt efni í bland,“ segir Magnús Tryggvason Eliasson, trommuleikari hljómsveitarinnar. „Þetta verða samt aðallega lög af nýju plötunni,“ útskýrir hann en nýjasta plata sveitarinnar, Puzzle, kemur út á vínul um helgina. Það er búið að vera mikið um að vera hjá Amiina í vetur en nú ætla þau að taka sér smá pásu. „Það eru barneignir, skólaannir og allskonar svoleiðis rugl í gangi,“ segir Magnús en bendir þó á nokkra tónleika sem eru bókaðir á árinu. „Við förum til Singapur í maí að spila og svo til Þýskalands að spila á festivali þar í júlí,“ segir hann og virðist sem það sé alltaf brjálað að gera hjá hljómsveitinni. „Svo erum við líka að vinna nokkur remix af gömlum lögum og munum flytja tvö þeirra á tónleikunum,“ segir hann spenntur fyrir síðasta gigginu fyrir pásu. „Hinn goðsagnakenndi Borko mun hita upp svo þetta verða flottir tónleikar.“ Aðgangseyrir er 1.000 krónur og hægt verður að nálgast nýjustu plötu Amiina, Puzzle, á tilboðsverði á tónleikunum.

# fílófaxið

fimmtudagur 7 apríl      föstudagur 8 apríl



**HJÁLMAR**  
Faktory  
22:00 Reggísveitin Hjalmar leikur fyrir tónleikagesti. Húsið opnar kl. 22 en tónleikarnir hefjast kl. 23. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

laugardagur 9 apríl

**SKVÍSUFATAMARKAÐUR**  
Prikíó  
14:00 Þórunn Antonía, Hildur Selma og Anna Kristín selja fót, skart og skó á góðu verði. Einnig verður til sölu fatnaður frá Starstruck design.

**GLYMSKRATTINN - VAGG-ANDI OG VELTANDI**  
Sódóma  
22:00 Fram koma The 59's, The Johnny Cash Kid, El Camino og DJ Gísli Veltan & Smutty Smiff. Hárvörurnar frá Smutty Smiff verða til sölu á staðnum ásamt fötum frá Wildcat Vintage. Gestir eru hvattir til að mæta á rockin' skónum með pónлагаð hárið til að dansa tryllt í nafni guðföður roksins. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



**ÁRSTÍÐIR**  
Café Rósenberg  
22:00 Hljómsveitin Árstíðir snýr aftur á Rósenberg eftir nokkurt hlé. Meðlimir eru um þessar mundir að máta ný lög á næstu breiðskífu sveitarinnar og lofa góðu gamni. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**MIÐ-ÍSLAND OG PÉTUR JÓHANN**  
Þjóðleikhúskjallarinn  
20:30 Vegna mikillar eftirspurnar verður þessi aukasýning haldin á uppistandskvöldi Mið-Íslands. Sérstakir gestir verða Pétur Jóhann Sigfússon og nýkjörinn fyndnasti Verzlíngurinn Margét Björnsdóttir. Miðaverð er 2.000 krónur.

**FIST FOKKERS**  
Bakkus  
21:00 Útgáfutónleikar til að fagna útkomu fyrstu breiðskífu hljómsveitarinnar Fist Fokkers, Emilio Estavez. Brasstríóð Baunimar hita upp og ásamt Fist Fokkers koma fram sveitirnar Muck og White Boys With Attitude. Frítt inn.

**RAFMAGNSLAUST Á NORDURPÓLNUM**  
Norðurljóllinn  
21:00 Hljómsveitin Valdimar og Lára Rúnars koma saman í tónleikaröðinni rafmagnslausu. Á tónleikunum flytja þau sameiginlegt verk. Miðaverð er 1.500 krónur.

**URMULL**  
Sódóma  
22:00 Ísfrska hljómsveitin Urmull sló í gegn með plötunni Ull árið 1994 og kom aftur saman á Aldrei fór ég suður í fyrri við frábærar undirtektir. Þeir hafa ákveðið að slá upp tónleikum á mölenni og fá Hafnfirðingana í The Vintage Caravan til að hita upp. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**NO TO SELF / GANON**  
Dillon  
22:00 Ókeypis skemmtun á Dillon þar sem hljómsveitirnar No To Self og Ganon halda uppi fjörinu.

**Bólurnar burt!**  
"Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®"  
Vanessa Williams  
www.heilsubudin.is

# LOKAPRÓFIÐ

| 7. apríl 2011 |  
**MONITOR**  
skólinn

Ég heiti Laufey Karaldsdóttir Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Þú veist hver ég er af því að Ég vann einhverja spurninga keppni í seinustu viku

Það skemmtilegasta sem kom fyrir mig í vikunni var  
a) Að sigra Gettu betur  
b)  Að verða lasin  
c) Að eiga afmæli  
d) Allt ofantalið  
Af því að ég fékk að sofa í út

Ég er eina stelpa sem hefur verið í sigurlíði Gettu betur sem er ótrúlegt af því að  
a) Ég tala ekki einu sinni íslensku.  
b)  Stelpur eru yfirleitt gáfaðri en strákar.  
c) Ég var einu sinni karlmaður.  
d) Ég er líka mjög virk í félagslífinu í Kvennó.  
e) Ég hef aldrei lesið bók.

Versti andstæðingurinn í Gettu betur er Enginn  
af því að það er alltaf jafn gaman að leppa í Gettu Betur

Það besta við Kvennó eru  
a)  Strákarnir og stelpurnar  
b) Kennararnir  
c) Böllin  
d) Prófin  
e) Hádegishléin  
Af því að þau eru öll svo frábær

Uppáhaldsmaturinn minn er Kítsúpa en ég borða alls ekki Sinnep!

Ef ég væri ekki Laufey Hall vildi ég helst vera  
a)  Siggí Hall  
b) Laufey Skrall  
c) Klaufey Hall  
d) Heimaey Hall  
e) Laufey Ball  
Af því að ég átti að heita Sígurður ef ég yrði strákur



Laufey Kar.  
Það sem fáir vita um mig er að ég er fátænlega tapsar

Heitasti spyrillinn er  
a) Edda Hermanns.  
b)  Logi Bergmann.  
c) Davíð Þór Jónsson.  
d) Eva María Jónsdóttir.  
e) Ómar Ragnarsson.

Besti spyrillinn er  
a) Edda Hermanns  
b) Logi Bergmann  
c)  Davíð Þór Jónsson  
d) Eva María Jónsdóttir  
e) Ómar Ragnarsson  
Af því að hann var góður spyrill og líka skemmtilegur spurninga hálfvörur.

Sérfræðisvið mitt í Gettu betur er að vita það sem strákarir vita og það skemmtilegasta sem ég komst að í undirbúningnum var að ég er alveg sátt í að svara spurningum!

SATT OG ÓSATT  
Ég hef fallið á prófi  
s  ó  
Það var skriflegt ípróttapróf!  
Ég hef svindlað í prófi  
s  ó

Ég tek yfir 30 kg í bekk  
s  ó

Ég er á lausu  
s  ó

Ég er skotin í Marteini stigaverði Gettu betur  
s  ó

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Emmu Watson til að leika mig en líklega yrði það samt einhver íslensk stelpa

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa LÍM!

# Síðast en ekki síst

» Arnar Eggert, tónlistargúrú, fílar:

**Kvikmynd Thin Red Line** er ein svakalegasta mynd sem ég hef séð. Þetta er ekki stríðsmynd, þetta er mögnuð hugleiðing um mannlega tilvist, tilgang lífsins o.s.frv. Besta mynd sem ég hafði séð þar til ég sá Brokeback Mountain.

**Sjónvarpsþáttur** Var að klára **Mad Men** og mæli hiklaust með þessum þáttum. Ótrúlega flott sett og skemmtilegar pælingar um samfélagsgerð Bandaríkjanna á sjöunda áratugnum. Annars er það bara Twin Peaks, bestu sjónvarpsþættir sem gerðir hafa verið.

**Plata** Var að hugsa um **Songs of Love**, tónleikaplötu Mark Eitzel, leiðtoga American Music Club fyrir stuttu. Hann er



einn með gítarinn og flutningurinn er svo einlægur, ástríðufullur og alvöru að maður hreinlega kemst við þegar maður hlustar.

**Bók** Var að garfa í ævisögu **Ozzy Osbourne** nú fyrir stuttu. Það er ekki sama hvernig svona bækur eru gerðar, sumar geta verið ansi litlausar en kallinn er helvíti góður, bráðfyndinn en einlægur líka.

Hann er greinilega með mjög góðan draugapenna með sér!

**Vefsíða** Var í New York fyrir stuttu og var mikið að prufa alls kyns sælgætisstangir sem eru ófánlegar hérlendis. Rakst í kjölfarið inn á **Candyblog.net** þar sem er farið mjög svo nákvæmlega í alls kyns nammi með djúpum og löngum pistlum. Magnað "sjitt".

**HLEÐSLA** | 100%  
ÍPRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA  
MYSUPRÓTEIN



# PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF NÚ EINNIG FÁANLEGUR Í FERNU



HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á  
HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU,  
LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN  
AÐ HLEÐSLA ER EINN VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.  
HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSÝKURSÓÐOL.

MJÓLKURSAMSALAN

WWW.MS.IS



SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA



# Vertu „LIVE“ á söngkeppninni!

„Lækaðu“ [facebook.com/songkeppni](https://www.facebook.com/songkeppni)

Allir sem „tagga“ eða setja inn kveðju á síðuna á meðan söngkeppnin er í gangi eiga möguleika á að fá hana birta í sjónvarpinu í beinni útsendingu!



VERTU MEÐ

ENRIMM / JIA / PAMADIP